Þjóðhagsstjóri um frystihúsamálið:

Almennu atriðin að skýrast en töluvert enn í lokaskýrslu

„ÞAÐ MÁ segja að athugun á hinum almennu atriðum varðandi stöðu hraðfrystihúsanna miði vel áfram en hins vegar er nokkuð langt í það að lokið verði athugun á hinum sérstöku og staðbundnu vandamálum frystihúsanna hér á sunnan og vestanverðu landinu einkanlega, enda töluvert erfitt viðfangsefni," sagði Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar í samtali við Morgunblaðið í gær.

Jón taldi því líklegt að töluverður tími liði enn þar til unnt yrði að skila endanlegri skýrslu um þetta mál í heild til ríkisstjórnarinnar, en hins vegar kvaðst hann vænta þess að athugun stofnunarinnar á hinum almennu atriðum stöðu frystihúsanna lægi að mestu fyrir þegar komið væri fram í þessa viku og væri þá áformað að ræða um þann þátt athugunarinnar við fiskvinnslunefndarmenn.

Nafn manns-ins sem lézt

MAÐURINN, sem beið bana í umferðarslysinu á Miklubraut í fyrradag, hét Guðmundur Ingólfsson, til heimilis að Rauðalæk 13, Reykjavík. Guðmundur var 68 ára gamall, fæddur 15. janúar 1909. Hann var ókvæntur og barnlaus. Guðmundur var starfsmaður Grænmetisverzlunar landbúnaðarins.



Sinfóníuhljómsveit Íslands lagði í gær af stað í tónleikaferð um Ísland, og hefur ferðin hlotið nafnið „Hringferð '77". Stjórnandi í þessari ferð er Páll P. Pálsson, og einsöngvarar Sieglinde Kahmann og Kristinn Hallsson. Ennfremur munu þau Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Lárus Sveinsson trompetleikari leika einleik á nokkrum stöðum.

Staðirnir sem hljómsveitin mun heimsækja eru þessir:

Blönduós, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Akureyri, Húsavík, Skjólbrekka, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Eskifjörður, Neskaupstaður, Hornafjörður og Kirkjubæjarklaustur.


Sérstakir barnatónleikar verða haldnir á Akureyri og Eskifirði, og á kvöldtónleikunum á Akureyri munu einnig koma fram Karlakór Akureyrar og Karlakórinn Geysir.

Tónleikaferð þessi er hin lengsta sem hljómsveitin hefur farið, og efnisskrá er mjög fjölbreytt. Að þessu sinni verða engar sinfóníur fluttar, heldur eingöngu létt klassísk tónlist.

Sinfóníu-hljómsveitin:

Hring-ferð 77 er hafin

Listviðburður á Kjarvalsstöðum:



LISTRÁÐ Kjarvalsstaða gengst fyrir yfirlitssýningu á verkum bandarískra lista- og vísindamannsins L. Alcopley dagana 10.—25. september. Alcopley hefur um langan tíma verið tengdur Íslandi eða allt frá því að hann kvæntist Nínu heitinni Tryggvadóttur árið 1949 og fram til þessa dags hefur hann haldið minningu konu sinnar og list á lofti.

Alcopley er kunnur vísindamaður á sviði líffeðlisfræði en hann hefur einnig fengizt við listsköpun allt frá 1940 og telst meðal vatamanna hinnar nýju bandarísku listar 1940—50 og er hans nú alls staðar getið í bandarískri myndlistarsögu fyrir þennan þátt sinn. Hann hefur haldið einkasýningar víða um heim og verk hans eru í mörgum helztu listasöfnum beggja vegna Atlantshafsins. Mikið hefur verið ritað um Alcopley og list hans og auk þess hefur BBC gert heimildarmynd um listamanninn, sem vonazt er til að unnt verði að sýna á meðan sýning Alcopley stendur yfir á Kjarvalsstöðum en hún er stærsta yfirlitssýning sem haldin hefur verið á verkum Alcopley og spannar tímabilið 1944—1977. Eru á henni rúmlega 300 verk, málverk, teikningar, vatnslitamyndir, steinprent og allskonar bækur og sérútgáfur á verkum hans.

Yfirlitssýning á verkum Alcopleys

BSRB-verkfall myndi hafa víðtæk og lamandi áhrif

AFLEIÐINGAR og áhrif verkfalls opinberra starfsmanna voru talsvert til umræðu á blaðamannafundi, sem BSRB boðaði til í gær, er það kynnti stöðu samninganna við ríkisvaldið. Eins og skýrt hefur verið frá samþykkti stjórn og samninganefnd bandalagsins að boða til verkfalls fyrir alla ríkisstarfsmenn hinn 26. september næstkomandi og kemur verkfallið til framkvæmda, ef sáttasemjari notar heimild í lögum til frestunar verkfallsaðgerða um 15 daga, hinn 11. október. Sáttatillaga, sem greiða þarf atkvæði um í allsherjaratkvæðagreiðslu, sem standa á í 2 daga um land allt, þarf að hafa verið lögð fyrir eigi síðar en 21. september.

Fulltrúar BSRB á blaðamannafundinum í gær sögðust í raun ekki geta skýrt frá því í smáatriðum, hvað myndi stöðvast og hver áhrif verkfall opinberra starfsmanna myndi hafa á þjóðlífið einfaldlega vegna þess að engin reynsla hefði fengizt á slíkt. Kristján Thorlacius, formaður BSRB, sagði þó að hann hefði trú á að verkfallið myndi vera mjög sterkt og grípa mjög víða inn í þjóðfélagið.

Haraldur Steinþórsson framkvæmdastjóri kvaðst einlæglega vona að ekki kæmi til verkfalls og að verkfallsrétturinn færði opinberum starfsmönnum svo gott tilboð, að unnt yrði að fallast á það. Þó kváðu þeir félagar að miðað við núverandi stöðu samningaviðræðnanna væri útlit fyrir verkfall, en þeir bentu á að enn ætti eftir að ræðast við áður en til aðgerða kæmi og næðist ekki viðunandi samningur á þeim tíma, væri þó alltaf til vara sáttatillaga, sem orðið gæti viðunandi. Samninganefnd BSRB mun taka afstöðu til slíkrar sáttatillögu og mæla með eða á móti henni við atkvæðagreiðslu eftir efni hennar.

Á fundinum kom fram, að kæmi til verkfalls mættu forstjórar og varamenn þeirra vinna áfram, ráðuneytisstjórar og deildarstjórar. Jafnframt mætti launadeild fjármálaráðuneytisins vinna, þar sem hún þyrfti að reikna út ýmislegt í sambandi við launakjör. Þá hafa félagsmenn Bandalags háskólamanna ekki verkfallsrétt og

Framhald á bls 18.

Fagna skoð-anakönnuninni

— segir Páll Pétursson, alþingismaður


„ÉG ER sjálfur ákaflega ánægður yfir því að skoðanakönnun skuli fara fram. Það er alla vega heppilegt fyrir frambjóðanda að vita, hvar hann standur", sagði Páll Pétursson, alþingismaður, í samtali við Mbl. í gær, en eins og skýrt var frá í Mbl. samþykkti kjördæmisþing Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra að verða við kröfum 290 A-Húnvetninga um skoðanakönnun um skipan framboðslista flokksins til næstu Alþingiskosninga.

„Skoðanakönnun fylgja ýmsir kostir", sagði Páll. „En hún getur líka boðið upp á deilur og sárindi, sem ég vona þó að ekki komi til hjá okkur, því við erum svo friðelskir menn Húnvetningar. En því er ekki að neita að skoðanakönnun er mjög eðlileg og lýðræðisleg leið til að kanna fylgi manna og því fagna ég þessari skoðanakönnun, sem nú er framundan hjá okkur framsóknarmönnum í Norðurlandskjördæmi vestra."

Þegar Mbl. spurði Pál, hvort hann teldi að á bak við kröfu A-Húnvetninganna um skoðanakönnun byggi einhver pólitískur ágreiningur eða óánægja, svaraði hann. „Það er ekki hægt að segja að hjá okkur hafi komið til neins stórrifrildis. Smákarp hefur stundum orðið, en menn eru sáttfúsir, þó það þýði ekki endilega að menn séu alltaf hjartanlega sammála.

Mér er það auðvitað ljóst, að menn eru misjafnlega ánægðir

Framhald á bls 18.



Örin vísar á bæjarstæði Herjólfsbæjar en niðurstöður rannsókna vísindamanna benda til að þar hafi staðið bær í a.m.k. nokkra áratugi áður en hefðbundið landnám Íslands hófst 874. Ljósmynd Mbl. Sigurgeir

Herjólfsbær í Vestmannaeyjum:

„Mannvistarlagið áratugum eldra en hefðbundið landnám"

segir Margrét Hermannsdóttir fornleifafræðingur

Í SAMTALI við Margréti Hermannsdóttur fornleifafræðing og Guðrúnu Larsen jarðfræðing í gær kom fram að mannvistarlagið, sem hefur fundizt undir landnámslaginu í bæjarstæði Herjólfsbæjar í Vestmannaeyjum, er að öllum líkindum að minnsta kosti nokkrum áratugum eldra en hefðbundið landnám sem miðast við árið 874. Mannvistarlagið sem er 3 til 20 sm. á þykkt rökstyður þessa niðurstöðu þar sem það er undir landnámslaginu sem miðast við hefðbundna kenningu um upphaf Íslandsbyggðar.

Hingað til hafa engar fornminjar fundizt á Íslandi, sem virzt hafa eldri en landnám Íslands, sem miðast við 874. Hér fara á eftir viðtöl við Margréti, Gurúnu og dr. Sigurð Þórarinsson.

„Sú staðreynd að landnámslagið var ofan á mannvistarlaginu í bænum í Herjólfsdal er gleggsta vitni þess að þarna

Framhald á bls. 15